

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Met

1. Metahæf mót

- 1.1. Mögulegt er að slá Íslandsmet á mótum innanlands sem uppfylla eftirfarandi skilyrði;
 - 1.1.1. Að mótið sé skráð í mótakerfi BFSÍ.
 - 1.1.2. Að mótið fari eftir reglum WA eða BFSÍ þar sem við á.
 - 1.1.3. Að landsdómari eða dómari með hærri dómaragráðu dæmi á mótinu.
 - 1.1.4. Að skotsvæði sé í samræmi við reglur WA um uppsetningu vallar.
 - 1.1.5. Að rafrænar niðurstöður og skráning séu gerðar í samræmi við reglur BFSÍ/WA.
- 1.2. Til þess að Íslenskt mót sé hæft til Evrópu- og heimsmetahæft þarf að óska sérstaklega eftir slíkri skráningu í tölvupósti til BFSÍ minnst 20 dögum áður en mótið hefst.
- 1.3. Evrópu- og heimsmetahæf mót á Íslandi þurfa að mæta kröfum í reglum WA um slíka viðburði ásamt því að mæta kröfum um Íslandsmetahæf mót.
 - 1.3.1. Landsdómari stig 2 skal vera yfirdómari Evrópu- og heimsmetahæfra móta á Íslandi.

2. Íslandsmetaskrá, tilkynning og staðfesting nýrra meta

- 2.1. Til staðfestingar á Íslandsmetum er nægilegt að vísa í rafrænar niðurstöður IANSEO af mótum sem uppfylla skilyrði um Íslandsmetahæf mót.
- 2.2. BFSÍ tekur ekki ábyrgð á því að uppfæra Íslandsmetaskrá með metum nema metin hafi verið tilkynnt í gegnum viðeigandi form á vefsíðu sambandsins.
- 2.3. Íslandsmet skal tilkynna til BFSÍ í síðasta lagi 30 dögum eftir að móti lýkur sem metið var slegið á.
- 2.4. Evrópumet og/eða heimsmet þarf að tilkynna tafarlaust eftir lok móts til BFSÍ, ásamt upprunalegu skorblaði, eða afriti undirrituðu af dómara mótsins og vottum. Sjá nánar í reglubók WA um heimsmet.
- 2.5. Framkvæmdastjóri BFSÍ tekur við tilkynningum um Íslandsmet, staðfestir að upplýsingar viðkomandi mets séu réttar, uppfærir Íslandsmetaskrá og heldur utan um Íslandsmetaskrá á vefsíðu sambandsins.

3. Íslandsmet

- 3.1. Nýtt Íslandsmet skal vera a.m.k. 1 stigi hærra en núverandi met.
 - 3.1.1. Ef skor er fullkomið utandyra þarf nýtt Íslandsmet að vera a.m.k. einu X hærra en núverandi met.
- 3.2. Íþróttamenn sem eru hlutgengir til þess að keppa um Íslandsmeistararitil geta slegið Íslandsmet.
- 3.3. Aldursflokkar sem Íslandsmet eru veitt fyrir skulu vera í samræmi við þá aldursflokka sem veittir eru Íslandsmeistararitlar fyrir. (Sjá „Aldursflokkar“ í reglugerð um Íslensk mót.)
- 3.4. Keppnisgreinar sem Íslandsmet eru veitt fyrir skulu vera í samræmi við þær keppnisgreinar sem keppt er í á mótum BFSÍ. (Sjá „Keppnisgreinar“ í reglugerð um Íslensk mót.)
- 3.5. Skotskífustærðir og fjarlægðir Íslandsmeta skulu vera í samræmi við „Skotskífustærðir og fjarlægðir“ grein í reglugerð um Íslensk mót.
 - 3.5.1. Ef skotskífustærðum eða fjarlægðum fyrir aldursflokka hefur verið breytt frá reglum WA til þess að koma á móts við aðstæður á Íslandi eða til þess að samræma við WAN skal veita einstaklingsmet fyrir bæði keppni í samræmi við reglur BFSÍ og WA.
(Til skýringar: Sem dæmi í berboga karla U18 utandyra væru bæði staðfest met í keppni á 40 metrum (WAN) og 50 metrum (WA) met. Í trissuboga U18 kvenna innandyra væru bæði staðfest met í keppni á 60cm og 40cm skífu og svo framvegis.)

- 3.6. Landsliðs Íslandsmet skulu veitt í samræmi við reglur WA um heimsmet liða.
 - 3.6.1. Einnig skal haldið utan um landsliðsmet fyrir keppni í þriggja manna blandaðri liðakeppni landsliða á NM ungmenna.
- 3.7. Félagsliða Íslandsmet skulu veitt í samræmi við „Félagsliðakeppni“ grein í reglugerð um Íslensk mót.
 - 3.7.1. Landslið getur ekki slegið met í félagsliðakeppni.
- 3.8. Einstaklings Íslandsmet eru veitt fyrir kyn í samræmi við skráningu í þjóðskrá á grundvelli laga um kynrænt sjálfræði.
 - 3.8.1. Karla (M í vegabréfum)
 - 3.8.2. Kvenna (W í vegabréfum)
 - 3.8.3. Kynsegin/Annað (Hlutlaus skráning kyns - X í vegabréfum)
- 3.9. Ekki eru veitt met fyrir keppni í víðavangsbogfimi og 3D í samræmi við reglur WA.
- 3.10. Framkvæmdastjóra BFSÍ er heimilt að bæta við Íslandsmetum fyrir önnur form af viðburðum sem skilgreindir eru í reglum WA, ef slíkir viðburðir eru haldnir reglubundið á Íslandi. (s.s. WA1440 umferð, 900 umferð, 25m umferð o.s.frv.)